



Leikskólinn Vallarsel

Ársskýrsla
skólaárið 2013 - 2014



Syngjandi glöð í leik og starfi

Efnisyfirlit:

1.	Almennar upplýsingar.....	3
1.1.	Leikskólinn.....	3
1.2.	Breytingar / viðhald.....	3
2.	Hugmyndafræði leikskólans, stefna-námskrá.....	4
2.1	Áherslur - markmið.....	4
2.2.	Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður.....	6
3.	Leikskólastarfið sl. skólaár.....	7
3.1.	Framkvæmd starfsáætlunar.....	7
3.2.	Próunar- og nýbreytnistarf.....	8
3.3.	Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir, hátíðir.....	9
4.	Starfsmenn.....	11
4.1.	Stöðugildi, fjöldi starfsmanna.....	12
4.2.	Fundir.....	12
4.3.	Skipulags- og námskeiðsdagar,.....	13
	endur- og símenntun, fyrirlestrar, ráðstefnur o.fl.....	13
5.	Nemendur.....	15
5.1.	Fjöldi barna, aldur/árgangur, barngildi, dvalartímar.....	15
5.2.	Sérkennsla.....	15
6.	Foreldrasamstarf.....	16
6.1.	Áherslur og markmið.....	16
6.2.	Foreldrafundir.....	16
6.3.	Foreldraviðtöl, upplýsingastreymi, kynningarit,.....	16
	fréttabréf, opið hús og sýningar.....	16
6.4.	Foreldrafélag og foreldraráð.....	17
7.	Samstarf-fræðsla-ráðgjöf.....	18
7.1.	Skólaskrifstofa.....	18
7.2.	Aðrir aðilar.....	18
7.3.	Samstarf við grunnskóla.....	18
7.4.	Nemar.....	19
7.5.	Öryggismál.....	19
8.	Lokaorð.....	19

1. Almennar upplýsingar

1.1. Leikskólinn

Vallarsel er 930,6m² að flatarmáli þar af er leik- og kennslurými 429m². Þann 1. september 2013 voru alls 137 börn innrituð skv. reiknilíkani í Vallarseli. Skólinn skiptist í tvö rými, eldra húsið kallast Vallarsel og þar eru yngri börnin til húsa og nýja húsið kallast Sel og eru eldri börnin þar. Í Vallarseli eru Vellir með börn fædd 2010, Jaðar með börn fædd 2011 og Skarð með börn fædd 2010 og 2011. Í Seli eru Stekkur með börn fædd 2009, Hnúkur með börn fædd 2008, 2009 og 2010 og Lundur með börn fædd 2008. Raunnýting leikrýma (dvalarst. o.fl.) sem hlutfall af þjónustugetu er 96.2%.

1.2. Breytingar og viðhald

Húsið að utan:

Ekkert viðhald var utanhúss.

Lóðin:

Sandur var endurnýjaður.

Innanhúss:

Endurnýjuð voru nánast öll tæki og borð í eldhúsi og það hannað upp á nýtt. Það var að mörgu leyti orðið barn síns tíma og þjónaði illa öryggiskröfum.



Útivera í góða veðrinu

2. Hugmyndafræði leikskólans, stefna-námskrá

2.1 Áherslur - markmið

Aðaláhersla Vallarsels í uppeldisstarfinu er tónlist. Við virkjum barnið í tónlistarstarfi með fjölbreytni og gleði að leiðarljósi. Eitt af markmiðum okkar með tónlistarstarfinu er að barnið fái í gegnum söng, leik, hlustun og frjálsa tjáningu, sem fjölbreyttasta reynslu af tónlist og þeim hljóðheimi sem alls staðar er í kringum okkur. Tónlist er gleði og við viljum að það sé skemmtilegt í tónlistarstarfi hjá okkur. Tónlistarstjóri er á hverri deild sem heldur utan um tónlistarstarf sinnar deildar. Á sex vikna fresti hittast tónlistarstjórar á matsfundi með aðstoðarleikskólastjóra. Hver deild fer í tónlistartíma einu sinni í viku í minni hópum. Tónlistinni er síðan haldið við í daglegu starfi deildarinnar. Byrjað er á auðveldari verkefnum með yngstu börnunum í gegnum söng, leik, leikræna tjáningu og egg og hristur. Verkefni þyngjast svo eftir því sem börnin eldast og fleiri hljóðfæri bætast við.

Í tónlistinni leggjum við mikla áherslu á að börnin þjálfist í að koma fram. Á hverju ári er elsta deildin með stóra tónleika og í lok haust- og vorannar eru tónleikar allra deilda.

Heimspeki var annað af meginverkefnum okkar árin 2007-2012. Eftir heilmikið endurmat var ákveðið að hætta við það verkefni. Það reyndist of erfitt í framkvæmd við þær aðstæður sem við höfum. Við tókum upp mjög skemmtilega þemavinnu sem við höfum þróað og tengist nærumhverfi okkar, alveg frá „ég sjálfur“ til „bærinn okkar“. Það er vinna sem hefur gengið mjög vel og er skemmtileg. Áfram notum við heimspékilega tengingu með spurningum og vangaveltum sem vekja og viðhalda undrun og forvitni barnanna, þannig að þau kynnast endalaust nýjum hlutum og hugmyndum.



Fyrsta gönguferðin hjá Völlum

Frjáls og sjálfspróttinn leikur er einnig mikilvægur í uppeldisstarfi Vallarsels. Í bernsku felur leikurinn í sér nám. Hann er undirstaðan og kjarninn í lífi og starfi barnsins, lífstjáningu

þess og eðli. Við viljum skapa barninu sem allra bestu skilyrði og tíma til að leika sér á frjálst með öðrum börnum.

Valið er rammi okkar utan um frjálsa leikinn. Börnin velja sér hvað þau vilja leika með, hvar á deildinni og með hverjum. Í boði er fjölbreyttur efniviður á mismörgum svæðum. Valið er myndrænt á öllum deildum og starfsfólk skiptir sér á svæðin.

Markmið með vali:

- ✓ að hafa val um hvar leikið er og við hverja
- ✓ að leika sér í litlum hóp
- ✓ að velja sér efnivið við hæfi

"Stig af stigi" er lífsleikniverkefni sem við höfum verið með í mörg ár og hefur gefist vel. Fellur það einstaklega vel að því heimspekistarfi sem við vinnum hér í Vallarseli.

Samsöngur allra barna og starfsmanna er í sal Vallarsels alla föstudagsmorgna. Í Vallarseli eru tveir starfsmenn sem stjórna samsöng og hafa veg og vanda að skipulagi stundanna. Ýmist eru deildir með uppákomur eða allir syngja saman. Allar deildir sameinast um að velja lög sem syngja á í samsöngnum. Í þessum stundum syngjum við afmælisönginn fyrir þau börn sem hafa átt afmæli þá vikuna. Í söngstundum er mikið lagt upp úr að æfa framkomu á sviði bæði í litlum og stórum hópum og að leika á hljóðfæri. Þetta eru skemmtilegar stundir sem allir hafa gaman af.

Hópastarf námsvið Aðalnámskrá leikskóla er lögð til grundvallar í hópastarfinu og lögð er áhersla á að börnin fái sem mesta fræðslu í gegnum leik og starf. Byrjað var að fikra sig í vinnu eftir nýrri Aðalnámskrá leikskóla sem kom út sumarið 2011. Skólanámskrá Vallarsels er tilbúin og verður gefin út í byrjun haust 2013.



Hreyfing í salnum

Hreyfing allar deildir fara í markvissa hreyfingu einu sinni í viku og elsta deildin fer í sína hreyfingu í íþróttahúsið í tengslum við Brúum bilið samstarfið.

TMT - Tákn með tali á hverri deild er unnið með TMT eins og þörf er á, ný tákn lærð og þau gömlu rifjuð upp. TMT er tjáningarform ætlað heyrandi fólki sem á við mál- eða talörðugleika að stríða. Það byggist á samblandi af látbragði, táknum og tali.

Könnunarleikur er á yngstu deildunum. Börnunum er skipt í 5-8 barna hópa og hver hópur hefur sinn hópstjóra. Í Könnunarleik fá börnin að vera "litlir vísindamenn" sem uppgötva eiginleika hluta með endalausum tilraunum án íhlutunar starfsmannsins.

Markmið:

- ✓ að leika sér í litlum hóp
- ✓ að börnin uppgötvu að möguleikar efniviðarins eru óþrjótandi
- ✓ að engin ein lausn er rétt



Könnunarleikur

Á öllum deildum leikskólans eru Einingakubbar. Hönnun kubbanna er stærðfræðilega rétt. Í leik með Einingakubbum öðlast barnið skilning sem er grundvöllur rökrænnar hugsunar. Einingakubbar eru náttúrulegur og skapandi efniviður. Lærdómur Einingarkubba fellst einnig í að taka þá saman eftir leik, að telja og sjá út stærðir og form. Í salnum eru einnig Hollow Block kubbar sem eru byggðir upp eins og Einingakubbarnir.

2.2. Mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður

Í Vallarseli er lagt reglulegt mat á ýmsa þætti starfseminnar. Það mat sem talið er upp hér er ýmist unnið af Fjölskyldustofu, stjórnendum leikskólans, deildarstjórum og öðru starfsfólki.

Mat á hópastarfi er gert í lok hverrar annar. Þá fer deildarstjóri yfir skráningu á hópastarfi og metur hvað þarf að leggja frekari áherslu á í samræmi við deildarnámskrá og námssvið aðalnámskrár.

Proskamat á börnunum er unnið af starfsmönnum deildarinnar en deildarstjórar leggja matið til grundvallar samræðu í öllum foreldraviðtölum að vori.

Foreldraviðtöl fóru fram í október og apríl þar sem farið er yfir framvindu, líðan og annað.

Hljóm-2 er lagt fyrir öll börn á ákveðnu aldursbili í eldri árgöngunum. Það mælir færni í hljóðkerfisvitund og hægt að bregðast við ef niðurstöður eru fyrir neðan ákveðin mörk.

„Líðankönnun“ er lögð fyrir elstu börnin á vorönn.

Viðhorfskönnun Fjölskyldustofu var lögð fyrir alla foreldra á vordögum um starfsemi skólans. Vallarsel kom mjög vel út úr þeirri könnun. Niðurstöðurnar verða settar á heimasíðuna strax og búið er að fullvinna þær.

Viðhorfskönnun meðal foreldra um ánægju með aðlögun að hausti.

Starfsmannasamtöl eru tekin að vori til að meta starfsánægju hvers starfsmanns. Síðustu tvö ár hefur hún verið rafræn á netinu. Hver starfsmaður fær afhenta niðurstöðu miðað við sína deild og svo deildin miðað við allan skólann. Starfsmaðurinn kemur síðan í viðtal hjá skólastjórnendum til þess að fara yfir sitt mat og skoðanir. Þar er einnig rætt hvað má betur fara og lausnir ræddar.

Deildarstjórasamtöl Deildarstjórar taka sína starfsmenn í leiðbeiningarsamtöl í desember. Skólastjórar taka síðan hvern deildarstjóra í viðtal þar sem farið er yfir niðurstöðurnar. Í þeim er líka rædd sýn/staða deildarstjórans á sitt starf.

Leikskólastarfið sl.skólaár

3.1. Framkvæmd starfsáætlunar

Í september var lögð fyrir starfsáætlun Vallarsels, eins og kveðið er á um í nýrri Aðalnámskrá leikskóla og er hún aðgengilega á heimasíðunni. *Skóladagatal* var eftir sem áður unnið og er það líka á heimsíðunni. Skóladagatalið er fyrir allar deildir skólans og byggist á Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun og skólanámskrá Vallarsels, ásamt venjum og þjóðlegum hefðum. Meðal þess sem unnið er með eru: Verkefni tengt umferðinni, tannvernd, þorranum, 17.júní, jólum og áramótum, íslensku húsdýrunum og sveitaferðinni, bókasafnsheimsóknum o.m.fl. Einnig eru unnin stærri þemaverkefni sem tengd eru tónlistarstarfinu, Brúum bilið samstarfinu, bænum okkar, heimilum barnanna og fjölskyldum þeirra, gamla tímanum, Byggðasafninu o.fl. Þó alltaf sé fylgt ákveðnum hefðum og skipulagi er starfið síbreytilegt allan ársins hring. Deildarstjórar vinna viðburðardagatal fyrir hvern mánuð í senn og er það sýnilegt foreldrum í fataherbergjum

deildanna. Allir ofangreindir viðburðir fara inn á viðburðardagatalið.



Heimsók á safnasvæðið

3.2. Þróunar- og nýbreytnistarf

Ný skólanámskrá var gefin út í byrjun skólaársins. Á vorönn fyrra skólaárs var búið að gefa út nýjar deildarnámskrár og sjónræna skólanámskrá og var það í fyrsta sinn sem það er gert. Það var mikil vinna allra starfsmanna að koma þessu verkefni frá en jafnframt mikill léttir fyrir starfið.

Á vorönn var byrjað að undirbúa að taka málþroskaprófið TRAS í notkun og fóru nokkuð margir starfsmenn á námskeið vegna þess. Það passar vel við snemmtæka íhlutun í málþroska barna sem verður byrjað að vinna eftir á næsta skólaári. Um leið var málþroskakafli þroskamatsins okkar tekinn upp og endurskoðaður.

Í febrúar tóku Lundur og Vellir þátt í Bláfánaverkefni tengt Langasandi eins og hinir leik- og grunnskólarnir á Akranesi.

7.bekkur Grundaskóla kom með lestrarstundir.

11.nóv héldum við upp á Þjóðhátíðardag Póllands sem aðstoð foreldra. Boðið var upp á veitingar frá landinu og mjög skemmtilega sögusýningu.



Fiskasýning í listasmiðjunni

3.3. Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Unnið er allan veturinn í þemavinnu sem snýr að hinum ýmsu hefðum og fræðsluefni. Í þemavinnu var unnið með öll námssvið. Unnið er m.a. með gamla tímann, bæinn okkar, heimili barnanna, bókasafnsheimsóknir, sveitaferðir, hátíðir, það sem fylgir hverri árstíð. o.fl. Einnig fóru elstu börn leikskólans í reglubundnar skólaheimsóknir í báða grunnskólana yfir allan veturinn. Skólaheimsóknir byrja á haustin með skólastjóraheimsóknum í báða grunnskólana í september.

Ágúst: Aðlögun byrjaði að vanda strax eftir sumarleyfi. Alls voru tekin inn 38 börn fædd 2011 ásamt nokkrum í öðrum árgöngum. Flestir starfsmenn voru komnir inn í vinnu 19.ágúst og þann dag var skipulagsdagur.

September: 1.sept voru allir foreldrar búnir að fá vetrarskipulagið sent í tölvupósti. Það verður svo nánar til umræðu í foreldraviðtölum haustannar

Elsti árgangur leikskólans fór í Skólastjóraheimsóknir í grunnskólana á Akranesi. Það er liður í samstarfi grunn- og leikskólanna, svokallað Brúum Bilið. Deildir nýttu sér vettvangsferðir til þess að safna að sér efnivið náttúrunnar í myndsköpun eins og greinar, laufblöð og fl..

Október: Bangsadagurinn er árlegur hátíðisdagur hjá okkur og komu öll börn með sinn bangsa. Elsta deildin fór í skólaheimsóknir. Umferðavika var haldin í byrjun mánaðarins. Bleiki dagurinn var haldinn hátíðlegur 11.október og með því vildum við vekja athygli á brjóstakrabbameini. Ljósmyndyndasýningin „Milli fjalls og fjöru“ var haldin með börnum fæddum 2009. Þessi sýning var sett upp í tilefni Vökudaga. Nokkrar deildir fóru í bókasafnsheimsóknir. Foreldraviðtöl voru á nokkrum deildum leikskólans. Elsti árgangur leikskólans fór í skólaheimsóknir í grunnskólana. Þá voru deildar sem tóku þátt í Morgunstund í Brekkubæjarskóla.

Nóvember: Starfsdagur var 11.nóvember. Við upphaf Vökudaga héldu elstu börn Vallarsels sína árlegu tónleika í Tónbergi og tókust þeir vel til eins og alltaf. Í tilefni Dags íslenskrar tungu 16.nóvember þá héldum við hann hátíðlegan. Allir klæddust lopapeysu við þetta tilefni. Við

gerðum okkur glaðan dag með því að allar deildir hittust á sal og fóru með ljóð og lög eftir Jónas Hallgrímsson. Leiksyningin Sigga og Skessan var sýnd í leikskólanum. Elstu deildunum var einnig boðið í Grundaskóla á hátíð í tilefni Dags íslenskrar tungu. Þann 27.nóvember var opið hús á Vallarseli. Þá gafst foreldrum og aðstandendum barnanna tækifæri til að koma og fönndra jólaföndur með börnum og starfsfólki. Í lok nóvember hófust aðventustundir á sal en þá hittast allar deildir alla föstudagsmorgna og syngja saman jólalög. Þá héldum við þjóðhátíðardag Póllands hátíðlegan.

Desember: Við vorum með kertaflýtingu í garði leikskólans í tilefni aðventunnar. Prestur og organisti Akraneskirkyju komu í heimsókn í litla jólastund í salnum og sungu þeir með okkur nokkur jólalög. Jólaskemmtanir okkar voru haldnar í desember og þeim lauk 12.desember. Við höfum þann háttinn á að ein deild í einu bíður fjölskyldu sinna barna á jólasýningu í salnum þar sem börnin sýna brot af því besta í tónlistarstarfinu og syngja jólalög, Lagt er upp úr því að þetta sé þægileg og afslappandi stund sem við eigum saman. Í byrjun desember er hefð fyrir því að baka smákökur með börnunum sem boðið er uppá á jólaskemmtunum deildanna. LITLU JÓLIN okkar voru 20. des., þá mættu allir í einhverju rauðu og dansað var í kringum jólatré. Jólasveinninn kom og gaf börnunum pakka „í boði foreldrafélagsins“. Þann dag var jólamatur í hádeginu með öllu tilheyrandi. Aðventustundir voru haldnar á föstudögum, þá voru sungin jólalög og kveikt á aðventukransi. Börnin tóku þátt í því að tendra ljós á hverju kerti fyrir sig.

Janúar: Starfsdagur var 2.janúar. Verkefni tengd Þorranum voru í janúar og var borðaður þorramatur á Bóndadaginn 24 .janúar. Skólaheimsóknir elstu barnanna héldu áfram. Nokkrar deildir héldu Dótadag en þá mega börnin koma með dót að heima til að leika með í leikskólanum.

Febrúar: Dagur leikskólans var 6.febrúar og tókum við þátt í skruðgöngu ásamt hinum leikskólunum í Akraneshöll og sungum þar nokkur lög. Að auki var hver deild með sinn litadag en þá máttu börn og starfsfólk koma í fötum í þeim lit sem tilheyrði sinni deild. Tannverndar og heilsuátak var í tengslum við tannverndardaginn og tannlæknar m.a. heimsóttir.

Mars: Bollu,- Sprengi, og Öskudagur voru haldnir með venjulegi sniði. Á Öskudaginn er haldið náttfataball í salnum og svo er „kötturinn“ sleginn úr tunnuni inni á hverri deild. Minnst var Mottumars (vitundarvakning) með því að mæta í skyrtu og með bindi. Elstu börnunum var boðið að koma á árshátíðir beggja grunnskólanna. Íþróttadagur elstu deilda leikskólann á Akranesi var haldinn 10.mars.

Apríl: Elstu börnin fóru í vorskólann fyrstu tvær vikurnar. Ömmu og afadagur var hjá okkur þann 23. apríl. Starfsdagur var haldin 25.apríl. Útskriftarferð elstu barnanna farin 28.apríl. Árgangamót leikskólabarna á Akranesi var haldið 29.apríl.

Maí: Vorhátíðir voru á öllum deildum. Þá var afrakstur tónlistarstarfsins sýndur og öllum gestum boðið í kaffi á eftir. Vallarsel varð 35 ára þann 20.maí og þann dag útskrifuðum við 31 barn af elstu deild leikskólans. Við buðum til samsætis í samvinnu við foreldra barnanna og var þetta stór stund, bæði fyrir þá og börnin og ekki síður fyrir okkur. Elsta deildin fór á hljóðfærakynningu í Tónlistarskólanum. Útidótadagur var haldinn þann 27.maí og Foreldrafélagið hélt grillveislu þann 30.maí. Allar deildar nema árgangur 2008 fóru í sveitaferð að Eystra-Miðfelli. Í tengslum við sveitaferð var sveitapema í maí. Vordagar voru haldnir í maí og tilefni þeirra kom 7. bekkur úr Grundaskóla og sótti elsta árgang leikskólans og eyddi með þeim deginum til hádegis. Hjóladagar byrjuðu í maí og lauk í júní.

Júní: Allar deildar fóru og fylgdust með skruðgöngu sem haldin var vegna Norðurlásmótsins í knattspyrnu og í tilefni af því var Gulur dagur í leikskólanum. Í júní voru svo haldnir hjóladagar á einhverjum deildum. Lundur og Vellir voru viðstödd Bláfánaafhendingu á Langasandi. Árgangur 2008 setti niður kartöflur í lok júní.

Júlí: Leikskólanum var lokað 30. júní til 1. ágúst vegna sumarleyfa.



Tilraun með eldgos á Jaðri

4. Starfsmenn

4.1. Stöðugildi, fjöldi starfsmanna

Í byrjun skólaársins var þörf fyrir 32,11 stöðugildi skv. útreikningum sem skiptist á 35 starfsmenn. Leikskólakennarar voru 19, leiðbeinendur 13, starfsmenn eldhúss voru 3 en öðru stöðugildi eldhússins er skipt í tvennt.

Veikindi: Líkt og áður var töluvert um langtímaveikindi hjá starfsmönnum sem setti svip sinn á starfsmannahaldið. Við þeim var brugðist eins og hægt var.

4.2. Fundir

Starfmannafundir voru 2 á haustönn og 3 á vorönn. Misjafnt er hvernig fundir eru skipulagðir hvenju sinni, annað hvort til funda og undirbúnings eða til fræðslu fyrir starfsmenn.

Deildarstjórafundir voru vikulega með skólastjórum. Þessir fundir eru upplýsinga- og vinnufundir þar sem teknar eru margar ákvarðanir varðandi starfsemi leikskólans.

Vinnufundir deildarstjóra voru þrjár á skólaárinu. Þar eru ákveðnir þættir varðandi starfið skipulagðir og undirbúnir sérstaklega.

Deildarfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði á hverri deild og oftast ef þurfa þykir. En þessa fundi nýta starfsmenn hvernar deildar fyrir sig til að undirbúa sig eða ræða saman um börnin og starfið.

Samráðsfundir deildarstjóra allra leikskólanna voru tvisvar á skólaárinu.

Samráðsfundir skólastjóra leikskólanna voru einu sinni í mánuði á skólaárinu með yfirmanni og verkefnastjóra Fjölskyldustofu. Þess utan hittast skólastjórar eftir þörfum. Sama er að segja um aðstoðarskólastjóra sem jafnframt eru sérskennslustjórar skólanna. Þeir hittast sömuleiðis eftir þörfum.

Skólastjóri fundaði tvisvar með foreldraráði, ásamt tölvusamskipum.

Aðstoðarskólastjóri fundaði tvisvar með foreldrafélagi, ásamt tölvusamskipum.

Skólastjóri fór á mánaðarlega forstöðumanna fundi sem voru teknir upp eftir að nýr bæjarstjóri tók til starfa 1.janúar 2013.

Trúnaðarmaður leiðbeinenda sótti að jafnaði mánaðarlega fundi til Reykjavíkur og trúnaðarmaður leikskólakennara sótti tvo fundi.



Söngstund í salnum

4.3. Skipulags- og námskeiðsdagar, endur- og símenntun, fyrirlestrar, ráðstefnur o.fl.

Skipulagsdagur 19. ág. 2013, Kristín Einarsdóttir grunnskólakennari með fyrirlesturinn „Leikur að læra“, um stærðfræði, bókstafi og hljóð - liti og form í hreyfingu. Sameiginlegur fundur og deildarvinna.

Starfsmannafundur 17. sep. 2013, sameiginlegur fundur og deildarvinna. Starfsmannafundur 15. okt. 2013, sameiginlegur fundur og deildarvinna. Skipulagsdagur 11. nóv. 2013, Fríða B. Jónsdóttir með fyrirlestur um fjölmenningu Sameiginlegur fundur og deildarvinna.

Skipulagsdagur 2. jan. 2014, Sara Margrét Ólafsdóttir leikskólakennari með fyrirlestur og kynningu á verkefninu „Það skapar vellíðan að þurfa ekki að keppast við tímann“, áhrif ólíks skipulags á vellíðan barna í leikskóla. Sameiginlegur fundur og deildarvinna.

Skipulagsdagur 17. feb. 2014, Sigurður Sigurjónsson sérkennslu- og aðstoðarleikskólastjóri í Akraseli með kynningu á bókinni „Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja og þriggja ára barna“. Kynning deilda á vetrarstarfi sínu.

Starfsmannafundur 17. mars. 2014, sameiginlegur fundur og deildarvinna. Skipulagsdagur 25. ap. 2014, kynnisferð í Reikjanesbæ.

Starfsmannafundur 5. maí 2014, sameiginlegur fundur og deildarvinna.

Námskeið starfsmanna á haustönn 2013:

28.ágúst fékk starfsfólk eldhúss kynningu frá fyrirtækinu Kajaorganic.

30.ágúst fór aðstoðarsk.stjóri á fjarfundarfyrirlestur í Tónbergi um námsmat skv. nýjum námskrám.

12.september fór skólastjóri á sameignlegan fund skólastjórnenda á Akranesi í Þorpinu um framvindu skv. nýrri skólastefnu.

26.september fóru 4 starfsmenn á námskeið í notkun Ipad í sérkennslu.

7.október fóru allir deildarstjórar ásamt aðstoðarskólastjóra á sérstakt námskeið fyrir millistjórnendur.

8.október fór skólastjóri á kynningu í gerð fréttatilkynninga og kynninga fyrir stofnanir.

21.október fóru 2 starfsmenn á PECS námskeið.

25.október fóru tveir starfsmenn á námskeið um hreyfiproska barna.

5.-7.nóvember fór starfsmaður á TEACCH-námskeið.

Námskeið starfsmanna á vorönn 2014:

19.mars fór skólastjóri á sameignlegan fund skólastjórnenda á Akranesi í Þorpinu um framvindu skv. nýrri skólastefnu.

25.mars fóru skólastjóri og aðstoðar á fund í Borgarnesi um skólaþróun.

28.mars fóru aðstoðarskólastjóri og einn starfsmaður á fyrirlestur um fjölmenningu.

Á önninni fóru alls 10 starfsmenn á TRAS námskeið.

Einn starfsmaður sat í undirbúningshópi um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“

Einn starfsmaður var búin að sitja í vinnuhópi við gerð Skólastefnu Akraness sem var gefin út í byrjun skólaársins.

Allt skólaárið tók skólastjóri þátt í endurmenntun skólastjórnenda í HR, alls 8 skipti.

Einn starfsmaður var á lokaári í þroskaþjálfafraeðum og lauk því á vorönn.



Útileikur



Leikur á Langasandi

5. Nemendur

5.1. Fjöldi barna, aldur/árgangur, barngildi og dvalartímar

1.september 2013 voru innrituð í skólann alls 137 börn. Dvalarstundir voru 1101 og barngildi samtals 165,1 með eftirfarandi skiptingu:

TÍMI:	4 - 4,5	5 - 6,5	7- 10,0
FJÖLDI:	1	12	124

ÁRG. 2008	32
ÁRG. 2009	32
ÁRG. 2010	35
ÁRG. 2011	38

5.2. Sérkennsla

Í byrjun skólaársins 2013 - 2014 voru alls 22 sérkennsluklst. á dag fyrir 6 börn, fædd 2008-2011. Sérkennslan jókst til muna í janúar 2014 en þá fór hún upp í 36 klst á dag fyrir 11 börn, fædd 2008-2011. Þar fyrir utan voru nokkrir málörvunarhópar og einstaklingar í málörvunarátaki

á vegum sérkennslustjóra og unnið sérstaklega með börn sem komu út í slakri og mjög slakri færni í

Hljóm-2.



Heimsón til Bjarna Þórs listmálara

6. Foreldrasamstarf

6.1. Áherslur og markmið

Vallarsel hefur að leiðarljósi jákvæð og hlýleg dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi til foreldra, þar sem áherslan er á velferð barnsins.

6.2. Foreldrafundir

Kynningarfundur var haldinn með nýjum foreldrum í byrjun júní þar sem starfsemi leikskólans var kynnt og þeim sýndur leikskólinn. Foreldrum var afhentur kynningarbæklingur ásamt upplýsingum um skipulag aðlögunar að hausti.

6.3. Foreldraviðtöl, upplýsingastreymi, kynningarit, fréttabréf, opið hús og sýningar

Foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, í október og apríl. Fyrri viðtalið er upplýsingaviðtal og almennt spjall um hvernig gengur og ef foreldrar hafa eitthvað að ræða. Í seinna viðtalinu er farið yfir þroska og framfarir barnsins ásamt almennu spjalli.

Aðlögunarviðtal er í boði fyrir foreldra, fjórum til sex vikum eftir að barnið byrjar í leikskólanum. Deildarstjóri viðkomandi deildar tekur viðtalið.

Upplýsingastreymi: 1.september voru allir foreldrar búnir að fá kynningar deilda og allt skipulag fyrir veturinn sent í tölvupósti. Það var svo rætt við hvert og eitt foreldri í viðtölunum í október.

Töflur í fataherbergjum eru nýttar mjög vel til allra upplýsinga. Skólinn leggur áherslu á að hafa sýnilegt í fataherbergi fyrir foreldra það sem börnin eru að gera í skólanum á hverjum tíma.

Viðburðardagatal var við inngang allra deilda og þar voru færðir inn allir viðburðir og annað sem viðkemur starfi deildanna. Það hefur mælst mjög vel fyrir.

Heimasíða leikskólans er mjög vel virk og heimasíður deildanna uppfærðar vikulega og oftar. Hver deild hefur sitt svæði og sömuleiðis eldhúsið.

Fréttabréf frá skólastjóra komu út að jafnaði einu sinni í mánuði og voru einnig send heim í tölvupósti. Einnig voru send út aukabréf eða aðrar tilkynningar eftir þörfum og ef um eitthvað sérstakt var að ræða.

Annað sem tilheyrir þessum lið en hefur verið sagt frá í kafla 3.3:

6.4. Foreldrafélag og foreldraráð

Allir foreldrar verða sjálfkrafa félagar í foreldrafélagi Vallarsels þegar barn þeirra hefur skólagöngu í leikskólanum. Í foreldrafélaginu sitja tveir foreldrar frá hverri deild, ásamt fulltrúa frá starfsfólki. Aðstoðarskólastjóri sér um öll samskipti við foreldrafélagið. Skólastjóri sér hins vegar um öll samskipti við foreldraráðið. Skyld er að hafa foreldraráð í öllum leikskólum skv. lögum sem tóku gildi 1. júlí 2008 en í ráðinu sitja þrír foreldrar.

Foreldrafélagið sér um foreldrasjóð sem allir foreldrar greiða í einu sinni á ári kr. 3000.- á barn og fá foreldrar 50% afslátt með öðru barni sínu. Úr þessum sjóði greiðir foreldrafélagið ýmsar gjafir og upptökur til barnanna og skólans, m.a gjafir jólasveinsins á jólaballinu og gjafir

á vorhátíð, uppákomur á grillhátíð og leiksýningar svo eitthvað sé nefnt. Einnig hafa skólanum verið gefnar ýmsar góðar gjafir í gegnum árin.



Lundur í skólastjóraheimsókn í Grundaskóla

7. Samstarf-fræðsla-ráðgjöf

7.1. Fjölskyldustofa

Náin samvinna er á milli Fjölskyldustofu og leikskólans. Samráðsfundir skólastjóra allra leikskóla Akraness og yfirmanns sviðsins ásamt verkefnastjóra voru einu sinni í mánuði. Sálfræðingar sviðsins eru með samráðsfundi við sérkennslustjóra að jafnaði einu sinni í mánuði.

Einnig er mikil samvinna við iðju- og sjúkráþjálfara og talmeinafræðing. Þessir aðilar koma inn í starfið okkar með beinum hætti eða með ráðgjöf.

7.2. Aðrir aðilar

Mikið og gott samstarf er milli allra leikskóla kaupstaðarins en þeir eru: *Akrasel*, *Garðasel* og *Teigasel*. Skólastjórar allra leikskólanna hittast að jafnaði einu sinni í mánuði, ýmist með eða án aðstoðarskólastjóra. Einnig hittast sérkennslustjórar skólanna að jafnaði mánaðarlega.

Mjög gott samstarf er við Tónlistarskólann og bókasafnið. Farið var með börnin í sögustundir á bókasafnið og bækur fengnar að láni. Gott samstarf er einnig við félagsþjónustu Fjölskyldustofu.

Við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins er gott samstarf vegna barna með fötunargreiningu.

Einnig er gott samstarf við aðila eins og lögreglu og slökkvilið sem ávallt koma reglulega í heimsókn, Byggðasafnið að Görðum, Akraneskirkju og marga fleiri.

Heimsóknir til skólans eru alltaf þónokkrar frá öðrum skólum. M.a. kom í heimsókn leikskóladeildin á Húnavöllum og heimsókn frá Selfossi.

7.3. Samstarf við grunnskóla

Gott samstarf er við báða grunnskóla bæjarins í verkefninu *Brúum bilið*. Það er samvinnuverkefni sem byggist á aðlögun elsta árgangsins í leikskóla með fyrsta bekk grunnskólans. Byrjað er á skólalastjóraheimsóknum á haustin og síðan taka við gagnkvæmar heimsóknir sem standa allan veturinn. Þessu samstarfi líkur svo með vorskóla og "Húllum hæi" skemmtun. Í tengslum við *Brúum bilið* er einnig gott samstarf við íþróttahúsið að Jaðarsbökkum.

Þar fyrir utan tökum við þátt í hinum ýmsu uppákomum í báðum skólum m.a. dagskrá í tilefni af Degi íslenskrar tungu í Grundaskóla, morgunstund í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla, árshátíðardagskrá skólanna og dagskrá á vordögum í báðum skólunum, ásamt fleiri uppákomum.



Vellir í salnum

7.4. Nemar

Leikskólinn er ekki aðili að samningi við HÍ um nemakennslu. Hins vegar koma alltaf nemar frá grunnskólunum og fjölbrautarskólanum í kynningu og skráningavinnu.

7.5. Öryggismál

Ákveðnar reglur um vinnulag og samband við foreldra eru í gildi ef barn meiðir sig. Þessar reglur hanga uppi á öllum deildum. Öll slys og veikindi eru skráð og er það á ábyrgð deildarstjóra.

Á hverri deild er hægt að hringja beint í 112. Hver deild fyrir sig er með brunaáætlun sem hangir uppi á deildinni ásamt teikningu af húsinu þar sem teiknaðar eru inná allar útgönguleiðir. Brunaæfing var að hausti. Haldið var áfram með endurgerð lóðarinnar eftir úttekt sem gerð var árið 2011.

Lokaorð

20.maí varð skólinn 35 og var haldið upp á það innanhúss með börnum og starfsfólki ásamt því að gestum var boðið. Vallarsel er elsti starfandi leikskólinn á Akranesi og það var af miklum metnaði á sínum tíma sem var ákveðið að hefja byggingu hans sem fyrsta sérhannaða leikskólans í bænum. Hann er reistur á styrkum grunni framsýnna manna og kvenna sem fyrst stóðu fyrir gæslu ungra barna á Akranesi og síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar í þroska og þróun leikskólastarfs á Akranesi sem er eitt það allra besta á landinu.

Í maí sömuleiðis fékk Vallarsel í þriðja sinn, viðurkenningu frá Starfsmannafélagi Reykjavíkur sem „Fyrirmyndarstofnun“ í könnun sem starfsmenn skólans tóku þátt í. Þetta er mikil viðurkenning fyrir skólann sem skiptir miklu máli en ekki síst fyrir alla starfsmennina sem standa vaktina af mikilli alúð og þrautseigju. Það skiptir máli í svo viðamiklu starfi sem í leikskóla að allir standi saman.

Í upphafi haustannar var nýja skólanámskráin formlega gefin út en áður voru komnar út nýjar deildarnámskrár og sömuleiðis sjónræn námskrá. Það er mikill léttir að þessari vinnu er lokið og var veturinn notaður í að vinna eftir þeim í fysta sinn.

Í Vallarseli er mjög fjölbjóðlegt samfélag, en á skólaárinu voru í skólanum 32 tvítyngd börn, þar af 24 frá Póllandi. Frá árinu 2009 hefur verið stöðug fjölgun barna af erlendu bergi, en mörg árin þar á undan var fjöldinn um 10 börn á ári. Starfsmenn leikskólans hafa öðlast mikla reynslu í kennslu tvítyngdra barna og samskiptum við foreldra þeirra sem skiptir miklu máli og er stór þáttur í aðlögun þeirra að nýjum heimkynnum. Það sem tilfinnanlega vantar á núna er að Akraneskaupstaður marki sér skýrari stefnu í hvernig málaðlögun barnanna skuli háttað. Vinna með svo fjölmennan hóp tvítyngdra barna er flókið ferli sem krefst mikils skipulags.

Í Vallarseli er gott og öflugt skólustarf sem við erum öll ánægð með og starfsmenn og sterkur hópur foreldra hlú vel að. En það er einmitt það sem skiptir svo miklu máli til að búa hér til samfélag sem verður eftirsóknarvert að búa í.

Akranesi 20.nóvember 2014

Brynhildur Björg Jónsdóttir, skólustjóri



Heimsók frá ÍA sem gáfu skólanum bolta